

Fyrsti heimaleikur meistaraflokks kvenna.

Skrifað af Rekstrarfélag Hattar
Laugardagur, 22 Júní 2013 17:44

Höttur og Völsungur mættust í fyrsta heimaleik MFL kvk í blíðskaparveðri á Vilhjálsvelli þann 21.06 kl. 20.00. Í byrjun leiks var einnar mínútu þögn í virðingarskyni við Heru Ármannsdóttur og Ólafs Rafnsson.

Nokkuð jafnræði var með liðunum framan af leik þó án þess að þau sköpuðu sér góð færi. Á 18 mín fór Sigga upp kantinn og var með fyrirgjöf sem ætluð var Heiðdís en varnarmaður Völsung komst á milli en var svo óheppin að spyrna boltanum í eigin mark.

Tveimur mínútum síðar komst Magdalena í gegn ein á móti markmanni sem varði vel. Mínútu síðar var Magdalena á ferðinni í gegnum vörn Völsungs þegar brotið var á henni og fyrsta spjaldið leit dagsins ljós. Fanney átti gott skot úr aukaspurnunni en boltinn fór hárfínt framhjá.

Á 30 mínútu spiluðu Hattarstelpur vel saman og Sigga slapp ein í gegn en setti boltann í hliðarnetið. Völsungsstúlkur höfðu á þessu tímabili átt nokkur hálfæri en á 39 mínútu kom stungusending í gegnum vörn Hattar og gerði Hulda Ósk vel þegar hún sólaði varnarmann Hattar og lagði boltann í netið.

Á 43 mínútu munaði engu að varnarmaður Hattar gerði sjálfmark en hún hitti boltann illa sem fór hárfínt framhjá. Staðan í hálfleik 1-1.

Í hálfleik færði sonur Heru hann Lúkas Nói formanni Hattar rekstrarfélags mynd af Heru og ferli hennar sem mun verða hengt upp í Hettunni í virðingarskyni við fallna hetju.

Liðin byrjuðu seinni hálfleik mjög rólega eins og einhver doði væri yfir báðum liðum. Völsungsstúlkur komu svo sterkar inn og áttu þær nokkur færi en Shelby varði vel.

Eftir miðjan seinni hálfleik stjórnuðu Hattarstúlkur leiknum og taldi undirritaður 7 góð skot að marki sem markmaðurinn ýmist varði eða fóru rétt framhjá. En því miður vildi boltinn ekki inn. Mikil pressa var á Völsung síðustu 5 mínúturnar og voru þær heppnar að sleppa með jafntefli. Þó má geta þess að Völsungsstúlkur skoruðu bæði mörkin.

Fyrsti heimaleikur meistaraflokks kvenna.

Skrifað af Rekstrarfélag Hattar
Laugardagur, 22 Júní 2013 17:44

Maður leiksins að mati undirritaðs var Signý Ingólfssdóttir sem aldrei gaf tommu eftir og bjargaði nokkrum sinnum flatri vörn Hattar.